

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 98/2016

2017/EES/73/33

frá 29. apríl 2016

## um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2170 frá 24. nóvember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2171 frá 24. nóvember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2172 frá 24. nóvember 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga <sup>(3)</sup>.
- 4) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi texti bætist við í 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2170:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2170 frá 24. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 5).“

2. Eftirfarandi texti bætist við í 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2171:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2171 frá 24. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 7).“

3. Eftirfarandi texti bætist við í lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2172:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2172 frá 24. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 9).“

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldu reglugerðanna (ESB) 2015/2170, (ESB) 2015/2171 og (ESB) 2015/2172, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 (†), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(†) Stjútö. ESB L 85, 30.3.2017, bls. 53 og EES-viðbæti nr. 19 frá 30.3.2017, bls. 52.